

# Nýi Gegnir opnaður

Árni Sigurjónsson

Þann 19. maí síðastliðinn hóf nýi Gegnir göngu sína þegar kerfið var opnað með formlegum hætti í Þjóðarbókhöðunni. Það var Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra sem opnaði kerfið og framkvæmdi leit í því — og leitaði hann reyndar að Njálu með góðum árangri. Tómas Ingi gat þess í ávarpi sínu að ráðgert er að Landsbókasafnið-Háskólabókasafn fari með hlut ríkisins í Landskerfi bókasafna. Við þetta tækifæri flutti Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókavörður ávarp og minntist Sigbergs Friðrikssonar sem samdi forsögn fyrir flutning gagna í kerfið en lést svo fyrir aldur fram í fyrra. Jónmundur Guðmarsson, stjórnarformaður Landskerfis bókasafna, flutti einnig ávarp og þakkaði gott samstarf við starfsfólk Landsbókasafnsins, svo og gott samstarf ríkis og sveitarfélaga sem fjármagna innleiðingu og rekstur kerfisins sameiginlega.

Þó að kerfið hafi verið opnað þennan dag er ljóst að það er ekki tilbúið að öllu leyti, og mega menn ekki gleyma að það verður stöðugt í þróun. Mikilvægustu þættir kerfisins virka: það er hægt að lána út í því, það er hægt að leita og það er hægt að skrá. Menn hafa rekið sig á að kerfið skilar full mörgum færslum t.d. þegar leitað er eftir höfundi, því að lagfæra þarf lyklun. Þá þurfa menn enn að bíða þess að þættir á borð við millisafnalán og afritun færslna úr erlendum bókfræðigrunnum virki rétt. Margt fleira mætti nefna sem huga þarf að og svo má ekki gleyma því að yfirfærsla gagna heldur áfram af fullum krafti því nú er röðin komin að Fengssöfnunum og öðrum söfnum þar á eftir.

Þrátt fyrir allt sem ógert er þá var opnun kerfisins í maí geysimikilvægur áfangi og gleðistund fyrir þá fjölmörgu sem hafa lagt verkefninu lið með beinum hætti á undanförunum árum. Við hjá Landskerfi bókasafna tökum heils hugar undir þakkir þeirra sem fluttu ávörp við opnun kerfisins.

(Birt í Fregnum, 28. árg., 2. tbl. 2003, bls. 33).